

Sp.

815. Tillaga til þingsályktunar

[306. mál]

um kynningu íslenzkrar iðnaðarframleiðslu í sjónvarpi.

Flm.: Björn Jónsson, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að íslenzkum iðnrekendum eða samtökum þeirra verði veittur ókeypis aðgangur að dagskrá sjónvarpsins til kynningar á íslenzkum iðnvarningi til mótvægis því mikla auglýsingamagni, sem fjársterkir erlendir framleiðendur og samkeppnisaðilar fá þar inni með.

Greinargerð.

Með tilkomu íslenzka sjónvarpsins skapaðist framleiðendum hvers konar varnings og þjónustu, erlendum sem innlendum, nýr vettvangur til að auglýsa og hafa uppi áróður fyrir framleiðslu sinni, sýnu áhrifameiri en unnt er að beita í öðrum fjölmiðlum. Þetta hafa framleiðendur margir hverjir notað sér óspart og í sívaxandi mæli, og er naumast mjög um að fást, þar sem tekjur af auglýsingum eru ein helzta fjárhagslega undirstaða sjónvarpsins, a. m. k. meðan skrum og oflof flæðir ekki yfir alla bakka, sem því miður hefur of oft hent, og mætti stofnunin, að dómi flm., oft túlka reglugerð sína um efni auglýsinga þrengra en raun er á.

Hitt fer ekki milli mála, að ótrúlega mikill hluti þeirra auglýsinga, sem í sjónvarpi birtast, eru erlendar ættar og ætlaðar til að auka gengi ýmislegs innflutts iðnvarnings, mjög oft á kostnað hliðstæðrar innlendar framleiðslu. Í sumum tilvikum hefur hér verið um hreinar auglýsingaherferðir að ræða, þar sem svo miklu fjármagni hefur verið til kostað, að naumast getur staðið í eðlilegu hlutfalli við hinn smáa íslenzka markað, nema að baki liggi sá tilgangur að knésetja íslenzk fyrirtæki og vinna markað þeirra þannig varanlega. Og víst er um það, að íslenzk iðnfyrirtæki eru mörg hver lítt fjárhagslega fær um að heyja auglýsingastríð við öfluga erlenda auðhringa, jafnvel þótt framleiðsla þeirra sé fyllilega sambærileg hæði að verði og gæðum.

Full ástæða virðist til að gjalda varhug við slíkri óæskilegri og jafnvel óheiðarlegri samkeppni erlendra aðila við íslenzkan iðnað og að gera þær gagnráðstafanir, sem að gagni mættu koma. Hér er því lagt til, að keppnisstaða íslenzks iðnaðar á þessu sviði verði jöfnuð að nokkru með því, að ríkisstjórnin hlutist til um, að íslenzkum iðnrekendum verði veittur, án endurgjalds, aðgangur að sjónvarpi fyrir kynningu á framleiðsluvörum sínum. Mætti hugsa sér sem lágmark í þessu efni, að til slíkrar kynningar yrði vikulega eða jafnvel daglega varið álíka löngum tíma og hinar erlendu auglýsingar taka hjá sjónvarpinu.